



Jón Kristjánsson læknir.

Jón Kristjánsson, læknir, er fæddur að Breiðabólstað í Vesturhópi 14. júní 1881, sonur hjónanna Kristjáns Jónssonar Kristjánssonar, prests, og Grónu Ólafsdóttur frá Sveinsstöðum í Húnaþingi.



Hann gekk inn í annau bekk Latinuskólans vorið 1899, og útskrifaðist þaðan vorið 1904. Þá fór hann á Læknaskólann og stundaði þar nám fram til 1907, en þá tók hann upp þá nýbreytni, að fara utan, til Danmerkur, til þess þá þegar, að afla sér sémentunar í þeirri grein læknisfraeðinnar, er honum stóð mest hugur til, Fysioterapi (nuddlækningar). En meðfram gerði hann þetta til þess eftir á, að geta sjálfur unnið fyrir sér meðan hann stundaði nám við Læknaskólann. Sýnir þetta fram-

takssemi hans og áhuga. Í Kaupmannahöfn stundaði hann nám hjá dr. Clod Hansen, og byrjaði síðan á árinu 1908, að stunda hér heima nuddlækningar, eins og það þá var jafnan kallað. Jón heitinn kom þá þegar með ýms ný tæki, er menn ekki höfðu áður átt að venjast og fékk þegar góða aðsókn og álit hið besta.

Sóttist honum seitn námið á Læknaskólanum, sem mjög var eðlilegt, þar sem hann varð að hafa það mestmeginnis í hjáverkum, en kandidat varð hann árið 1914, og sýndi með því þrautseigju og þolgæði. Fór hann þá utan eins og lög stóðu til, á Fæðingarstofnunina, og notaði jafnframt tækifærið til að framast í ségrein sinni. Var þá einnig um tíma á Finsensstofnuninni í Kaupmannahöfn og lagði sérstaklega stund á hjartasjúkdóma. — Kom þessi för honum að miklu haldi og jökst nú aðsókn hjá honum og álit hans, enda mun læknungastofa hans þá, hafa verið meðal þeirra frestu, að áhöldum og útbúnaði, þeirra stofnana er stund lögðu á Fysioterapi, þó vísð væri leitað.

Árið 1921 fer Jón enn utan, til stuttrar dvalar. Kemst hann þá í kynni við Diathermi-lækningar, og leitar til stjórnar og Alþingis um hjálp til kaupa á þessu nauðsynjatzéki. Veitti Alþingi fé til kaupa á sliku áhaldi handa honum og mun það fyrsta áhaldið, til Diathermi-lækninga, er hingað til lands hefir komið.

Þegar Jón með dugnaði sinum

hafni fengið þessu ágengut fór hann á ný til útlanda 1924. Dvaldi þá mest í Vinarborg, en einnig nokkuð í Kaupmannahöfn, til þess að læra til fullnustu lækningar með Diathermi.

Jón heitum var mjög mérkur maður innan læknaðstéttarinnar íslensku, þar sem hann má áreiðanlega kallast brautryðjandi, ef ekki fáðir Fysioterapiunnar hér á landi, enda var hann ábyggilega mjög veikinum og vandvirkunum í sinni grein.

Jón var hvers manns hugljúfi, vinsæll mjög af sjúklingum sinum, enda oft engu síður vinur þeirra en lækni.

Hann var ljúfur og geðþekkur öllum þeim, sem honum kynntust vel, prúður í framkomu, ætis lifg-

andi og fjorgandi við hvær sem hann átti; allra manna skemtileg- astur í sinum hóp, þrungrinn fyndni og fjöri.

Stéttarfélagi var hann ágætur og einhver hinn allra „kollegialasti“. Gat hað ekki í neinu því er að lækningum laut, hugsað sér að fara á snið við stéttarþrifður sína.

Það eru áreiðanlega margir, auk nánustu ættingja, sem harma Jón Kristjánsson, vinir, sjúklingar og kollegar. — Þar fór góður drengur, vinfastur vinur, góður lækni og góður stéttarbróðir.

Jón Kristjánsson kvæntist árið 1913 Emiliu Sighvatsdóttir bankastjóra. Liftir hún mann sinn ásamt fimm börnum þeirra.

M. P.

Fréttir.

Vegna sumarfríss og ferðalaga rístjórnarinnar hefir útkoma þessa tölublaðs Lbl. dregist. Næsta tbl. er væntanlegt um miðjan september, og verður sent með eftirkröfu til þeirra, sem eiga ógreitt árgaldið.

Lausn frá embætti (Ögurhéði) hefir Högni Björnsson fengið frá 1. jan. 1938.

„Turnus“-kandidat á Nýjakerli Þórarinn Svæinson, frá 1. ágúst, í gistiivist Land-

spítalans hefir dvalið Jóhann J. Kristjánsson héraðslæknir.

Til útlanda eru fyrir nokkuru farnir: Gunnla. Einarsson, Arni Pétursson og Bjarni Snæbjörnsson.

Nýkomnir eru frá framhaldsnámi erlendis: Kristinn Stefánsson (lyfjafraði), Karl Jónasson (kirurgi), Ófeigur Ófeigsson (intern medein), Július Sigurjónsson (patologi). Björgvin Finnsson (fysioterapi).